

Nr. 92/1995.

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Arnór G. Jósefsson

Ólafur G. Jósefsson

Reynir Jósefsson

Sigursteinn Jósefsson

Bjarni Þorvarðarson

Gunnar Þorvarðarson og

Sigurður Þorvarðarson

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

Bjarna Bærings Bjarnasyni og

Önnu M. Sigurðardóttur

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

og gagnsök

Eignarréttur. Samaðild. Ítak. Vanlýsing. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1995. Þeir krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu fyrir sitt leyti til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1995. Þau krefjast staðfestingar héraðsdóms um annað en málskostnað, sem þau krefjast úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir héraðsdómi stefndu gagnáfrýjendur Kjalarneshreppi til réttargæslu í málinu. Lét hreppurinn málið ekki til sín taka fyrir héraðsdómi, og hefur honum ekki verið stefnt fyrir Hæstarétti

I.

Fyrir héraðsdómi gerðu aðaláfrýjendur kröfu um frávísun málsins, og var henni hafnað með úrskurði 20. september 1994. Sömu kröfu gera þeir nú að aðalkröfu sinni fyrir Hæstarétti, svo sem áður

greinir. Kröfuna reisa aðaláfrýjendur í fyrsta lagi á því, að fleiri en aðilar þessa máls eigi óskipt réttindi og beri óskiptar skyldur varðandi þau beitarréttindi í Blikdal á Kjalarnesi, sem ágreiningur stendur hér um. Í því sambandi benda aðaláfrýjendur á, að gagnáfrýjandinn Bjarni Bærings Bjarnason sé aðeins annar tveggja eigenda að jörðinni Dalsmynni, auk þess sem eigendur fleiri jarða en Ártúns og Hjarðarness, sem eru í eigu aðaláfrýjenda, eigi beitarréttindi í Blikdal. Telja aðaláfrýjendur þetta eiga að leiða til frávísunar málsins samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í öðru lagi bera aðaláfrýjendur því við, að gagnáfrýjendur hafi ekki farið hér rétta leið til málsóknar um kröfur sínar. Hefðu þau með réttu átt að leita úrræða samkvæmt þinglýsingalögum nr. 39/1978 til að fá réttindi aðaláfrýjenda afmáð, en að því frágengnu að sækja málið sem eignardómsmál samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 91/1991. Þá halda aðaláfrýjendur því í þriðja lagi fram, að kröfur gagnáfrýjenda séu ekki nægilega skýrar og brjóti því gegn 80. gr. laga nr. 91/1991.

Um fyrstu röksemd aðaláfrýjenda fyrir frávísun málsins er þess að gæta, að með afsali 7. ágúst 1981 var seld spilda úr landi Dalsmynnis, 8 hektarar að stærð. Eftir hljóðan afsalsins fylgja landspildunni engin réttindi, bein eða óbein, yfir jörðinni að öðru leyti, ef frá er talinn réttur til umferðar að spildunni. Beitarréttindin, sem ágreiningur málsaðila stendur um, varða ekki, svo að séð verði, þessa landspildu á annan hátt. Að öðru leyti en þessu verður ráðið af gögnum málsins, að gagnáfrýjendur séu einir eigendur að jörðunum Dalsmynni og Saurbæ, en málsókn sína byggja þau á því, að land í Blikdal, norðan Blikdalsár, sé eignarland innan marka þessara jarða. Eru samkvæmt þessu engir annmarkar á sóknaraðild málsins í héraði, sem varðað geta við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt þinglýsingarvottorðum, sem liggja fyrir í málinu, eru aðaláfrýjendurnir Arnór, Ólafur, Reynir og Sigursteinn Jósefssynir eigendur jarðarinnar Hjarðarness, en aðaláfrýjendurnir Bjarni, Gunnar og Sigurður Þorvarðarsynir eigendur Ártúns. Fyrir Hæstarétti krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar héraðsdóms, þar sem fallist er á kröfu þeirra um viðurkenningu á því, að aðaláfrýjendur eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta gagnáfrýjenda í Blikdal. Kröfur gagnáfrýjenda beinast því ekki að öðrum en aðaláfrýjendum, og

varða þær eingöngu jarðir þeirra. Réttindi til beitarítaks, sem gagnáfrýjendur viðurkenna, að eigendur Hjarðarness og Ártúns hafi áður fyrr notið í Blikdal, en telja, að séu nú niður fallin, eru ekki óskipt í þeim skilningi, að þau gætu ekki staðið sjálfstætt, hvað varðar eigendur annarrar jarðarinnar, og fallið brott gagnvart eigendum hinnar. Myndi hið sama eiga við, þótt eigendur annarra jarða ættu einnig sams konar réttindi til beitar í Blikdal og aðaláfrýjendur telja sig njóta, svo sem þeir síðarnefndu halda fram. Er því málatalbúnaður gagnáfrýjenda ekki andstæður 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, þótt þeir hafi ekki stefnt öðrum en aðaláfrýjendum til að svara til sakar í málinu.

Með málsókn þessari leitast gagnáfrýjendur við að fá leyst til fullnaðar úr því, hvort jörðum í eigu aðaláfrýjenda fylgi beitarréttur á landsvæði, sem hin fyrrnefndu telja til beins eignarréttar yfir. Með þeim úrræðum, sem um getur í lögum nr. 39/1978, ættu gagnáfrýjendur ekki kost á að fá leyst úr öðru en því, hvort tiltekin réttindi málsaðila í þessum efnum skuli njóta réttarverndar með þinglýsingu. Hindra slík úrræði ekki, að gagnáfrýjendur höfði einkamál eftir almennum reglum til að fá endanlega og efnislega úrlausn um ágreining sinn við aðaláfrýjendur. Þá verður ekki fallist á það með aðaláfrýjendum, að gagnáfrýjendum hefði verið rétt, áður en mál þetta var höfðað, að leita eignardóms samkvæmt 122. gr. laga nr. 91/1991 um land í Blikdal norðan Blikdalsár. Er þá til þess að líta, að gagnáfrýjendur halda því sjálf fram, að þau hafi fullnægjandi skilríki fyrir eignarrétti sínum yfir því landi, en þegar af þeirri ástæðu myndi breyta skilyrði fyrir því, að þau höfði slíkt eignardómsmál, sbr. fyrri málslið 1. mgr. síðastnefndu lagagreinar. Samkvæmt þessu verður málinu ekki vísað frá dómi á þeim grunni, að kröfur gagnáfrýjenda séu ekki réttilega sóttar í einkamáli, sem fer eftir almennum reglum.

Fyrir Hæstarétti er, sem áður segir, til úrlausnar krafa gagnáfrýjenda um, að aðaláfrýjendur eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta gagnáfrýjenda í Blikdal. Um afmörkun á þessum eignarhluta vísa gagnáfrýjendur til fram lagðra landamerkjabréfa fyrir Saurbæ frá 1890 og 1922, en um merki samkvæmt þeim deila málsaðilar ekki sérstaklega. Fullnægir því kröfugerð gagnáfrýjenda skilyrðum sam-

kvæmt 80. gr. laga nr. 91/1991, og verður ekki fallist á, að efni séu til að vísa málinu frá dómi af þeim sökum.

Samkvæmt framangreindu verður hafnað kröfu aðaláfrýjenda um, að málinu verði vísað frá héraðsdómi.

II.

Í markalýsingu frá maí 1890 er merkjum jarðarinnar Saurbæjar á Kjalarnesi að norðanverðu, gegnt landi jarðarinnar Mela, lýst með vísan til kennileita frá sjó að háfjallsbrún á Melahnúk „og þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn“. Frá dalbotninum er Ártúnsá sögð ráða merkjum í sjó niður, og eru það suðurmörk jarðarinnar. Í landamerkjabréfi fyrir Saurbæ frá 8. maí 1922 er norðurmörkum jarðarinnar gegnt landi Mela lýst með vísan til kennileita, sem eru ekki að öllu leyti hin sömu og í markalýsingunni frá 1890, að „Strítu á fjallsbrún“. Frá þeim stað eru mörkin hins vegar sögð vera „þaðan sem vötnum hallar suður fram í Bleikdalsbotn, og síðan þaðan eins og Bleikdalsá ræður í sjó niður“. Í þessum gögnum er heitið Bleikdalur notað um Blikdal, sem svo er nefndur hér að framan, en Ártúnsá eða Bleikdalsá mun vera hin sama og Bliká eða Blikdalsá.

Í framangreindum heimildarbréfum er landi Saurbæjar lýst þannig, að það markist að sunnanverðu af Bliká allt að botni Blikdals, en að norðan af vatnaskilum til fjalla, sem liggja milli þess dals annars vegar og Miðdals og Eilífsdals hins vegar. Eftir þessari lýsingu verður að telja sýnt af fyrirliggjandi uppdráttum af landsvæðinu, sem hér um ræðir, að Blikdalur norðan Blikdalsár hafi fallið innan merkja Saurbæjar og talist þannig hluti þeirrar jarðar.

III.

Í kjölfar framangreindrar lýsingar á ytri mörkum Saurbæjar í markalýsingunni frá 1890 segir eftirfarandi: „Innan þessara marka er land kirkjujarðanna: 1. Frá Melamörkum er land Hjarðarness og Hjarðarnessk. út að jarðfallinu við Selvík beina stefnu í vörðu á Skarðhólnum. 2. Fyrir Ártúni ræður að sunnan Ártúnsá frá sjó að Bleikdalsmynni en að norðan(verðu) eru mörk frá vörðu á melnum fyrir norðan Borgarmýrina bein lína í norðanvert Ásholtið fyrir vestan Kringlumýri og þaðan í þúfu á Grafarás upp að dalsmynni.

Á Bleikdal eiga allar jarðirnar óskipta beit, en slægjur þannig: að Hjarðarnesin (bæði kotin) hafa slægjur fyrir ofan götu milli Heygils og Bolagils, en Ártún fyrir neðan götu frá Selgislæk að Heygislæk.“ Í landamerkjabréfinu frá 1922 segir nánast orðrétt hið sama og hér var greint. Undir bæði þessi heimildarbréf ritar Eyjólfur Runólfsson. Er tekið fram við nafnritun hans í yngra bréfinu, að hann sé „eigandi ofanefndra jarða“.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti skýrðu aðaláfrýjendur framan-greind merki Hjarðarness og Ártúns innan ytri marka Saurbæjar á þann hátt, að hvorugri fyrrnefndu jarðanna fylgdi land lengra í austur en að mynni Blikdals. Í merkjabréfunum er á hinn bóginn hvergi nefnt, að slík skil séu á landi Saurbæjar að austanverðu við mynni dalsins.

Í landskiptagerð frá 13. september 1930 var landi Saurbæjar skipt milli þáverandi ábúenda jarðarinnar, Axels og Ólafs Eyjólfssona. Segir þar, að úttektarmenn í Kjalarneshreppi hafi framkvæmt tilgreind landskipti á túni, engjum og útlandi Saurbæjar upp að þjóðvegi, en að öðru leyti hafi hvor jarðarhluti jafnan rétt á öllu öðru útlandi jarðarinnar „með þeim hluta Bleikdals, er henni fylgir eftir ítölu“. Með afsali og kaupsamningi frá 4. maí 1936 ráðstafaði síðan Axel Eyjólfsson jörðinni, sem kom í hans hlut við landskiptin og hafði þá fengið heitið Dalsmynni. Segir í skjali þessu, að ráðstafað sé þar eignarrétti að eignarjörðinni Dalsmynni „ásamt Bleikdal (norðurdalurinn), sem að er óskift eign jarðanna Saurbæ og Dalsmynni í Kjalarneshreppi“. Er einnig tekið þar fram, að landamerkjum jarðarinnar sé þinglýst, og séu þau ágreiningslaus.

Að framan er rakið efni landamerkjabréfa fyrir Saurbæ frá 1890 og 1922, sem hefur ekki verið hnekkkt með skírskotun til eldri heimilda. Verður ekki fundin stoð fyrir öðru en allt land norðan Blikdalsár í Blikdal hafi heyrt til Saurbæjar, en verið háð rétti til beitar og slæгна handa jörðunum Hjarðarnesi og Ártúni. Með landskiptagerðinni 1930 var þetta land í Blikdal gert að óskiptri sameign, sem fylgdi jörðunum Saurbæ og Dalsmynni, svo sem er áréttað í framan-greindu orðalagi kaupsamnings og afsals fyrir Dalsmynni frá 1936. Samkvæmt gögnum málsins hefur annarri skipan en þessari ekki verið komið á með yngri heimildarbréfum. Verður því lagt til grundvallar við úrlausn málsins, að Blikdalur norðan Blikdalsár sé

eignarland í óskiptri sameign gagnáfrýjenda og hluti af jörðum þeirra, Saurbæ og Dalsmynni.

IV.

Eins og málið liggur fyrir, verður ekki séð, að réttindi aðaláfrýjenda yfir landi í Blikdal norðan Blikdalsár geti verið önnur eða meiri en réttindi þar til beitar og slæгна, enda nýtur ekki við heimilda fyrir víðtækari réttindum þeim til handa en leiðir af fyrrgreindum landamerkjabréfum fyrir Saurbæ frá 1890 og 1922. Aðaláfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að réttindum þessum, sem eru einkaréttarlegs eðlis, hafi fyrr eða síðar fylgt vörslur landsins í Blikdal umfram það, sem leiddi af rétti til beitar og slæгна. Verður því fallist á það með gagnáfrýjendum, að réttindin, sem aðaláfrýjendur telja sig njóta, séu ítaksréttindi í þeim skilningi, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Er jafnframt fullnægt skilyrðum 2. og 3. gr. laga nr. 113/1952 fyrir því, að öðrum ákvæðum laganna verði beitt um réttindi aðaláfrýjenda, svo sem gagnáfrýjendur krefjast.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 113/1952 skyldu héraðsdómarar á næstu sex mánuðum eftir gildistöku laganna fá birta þrívægis í Lögbirtingablaði áskorun til þeirra, sem teldu sig eiga ítök í jörðum í viðkomandi umdæmi, um að lýsa réttindum sínum innan tólf mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Samkvæmt 11. gr. laganna skyldu þau þegar öðlast gildi, en þau birtust í Stjórnartíðindum 29. desember 1952. Áskorun þessa efnis frá sýslumanninum í Kjósarsýslu birtist í Lögbirtingablaði 18. og 25. júní og 4. júlí 1953. Verður ekki fallist á það með aðaláfrýjendum, að áskorunin hafi verið háð annmarka, svo að áhrif hafi á gildi hennar, þótt síðasta birting hennar hafi ekki náðst innan þess sex mánaða frests, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 113/1952. Þá verður ekki heldur samsinnt því áliti aðaláfrýjenda, að sýslumanni hafi borið að taka berum orðum fram í áskoruninni, að vanlýsing ítaksréttinda leiddi til brottfalls þeirra, enda ekki áskilið í lögnum, að slíks yrði að geta í henni. Verður því litið svo á, að umrædd áskorun hafi fullnægt kröfum samkvæmt 4. gr. laga nr. 113/1952.

Aðaláfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að eigendur Hjarðarness og Ártúns hafi lýst ítaksréttindum vegna jarða sinna í landi Saur-

bæjar og Dalsmýnnis fyrir sýslumanninum í Kjósarsýslu innan þess árs, sem þeir nutu frests í því skyni frá 4. júlí 1953 að telja, en eðli málsins samkvæmt getur sönnunarbyrði í þeim efnum ekki hvílt á öðrum en aðaláfrýjendum. Ekki verður fallist á þá röksemd aðaláfrýjenda, að hvað sem öðru líði, hafi eiganda Ártúns verið óþarft að lýsa ítaksréttindum fyrir sitt leyti sökum þess, að sami maður hafi á þessum tíma átt þá jörð og Saurbæ. Er þá til þess að líta, að slík undantekning, sem á sér ekki stoð í ákvæðum laga nr. 113/1952, hefði verið andstað því, að með lögunum tækist að koma á skýrri skipan ítaksréttinda. Hefði eiganda jarðanna jafnframt verið í löfa lagið að lýsa annaðhvort ítaksréttindum annarrar þeirra gagnvart hinni eða stofna til réttindanna að nýju við sölu annarrar jarðarinnar eða beggja, ef hann hefði talið efni til að láta réttindin haldast.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1952 skyldi ítak falla úr gildi, ef því væri ekki lýst innan þess frests, sem greindi í 4. gr. laganna. Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að ítaksréttindi jarðanna Hjarðarness og Ártúns í Blikdal norðan Blikdalsár hafi vegna vanlýsingar fallið niður við lok frests til að lýsa þeim, þ. e. 4. júlí 1954. Stangast sú niðurstaða ekki á við þágildandi 67. gr. stjórnarskrárinnar, nú 72. gr. hennar, sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, svo sem aðaláfrýjendur bera fyrir sig.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að ítaksréttindin, sem fylgdu jörðunum Hjarðarnesi og Ártúni, hafi ekki liðið undir lok vegna þess, að ekki hafi verið gætt ákvæða síðari málsliðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1952 um að afmá þau úr þinglýsingabók. Um þetta er þess að gæta, að svo sem áður greinir, skyldi vanlýsing ítaksréttinda leiða þegar í stað til brottfalls þeirra. Skilja verður síðastgreint lagaákvæði svo, að með því hafi verið ætlast til, að sýslumaður gerði í kjölfarið að eigin frumkvæði breytingar á þinglýstum heimildum því til samræmis. Ekki eru efni til að líta svo á, að vangæsla sýslumanns um að hlíta umræddu lagaboði hafi ein út af fyrir sig getað stofnað til nýrra efnislegra réttinda handa eigendum Hjarðarness og Ártúns. Verður því ekki fallist á þessa röksemd aðaláfrýjenda.

V.

Í október 1956 ráðstafaði Ólafur Eyjólfsson jörðinni Ártúni með afsali til manna, sem aðaláfrýjendurnir Bjarni, Gunnar og Sigurður Þorvarðarsynir leiða rétt sinn frá, en ekki verður annað ráðið af

gögnum málsins en Ólafur hafi áður átt jörðina samfleytt að minnsta kosti frá 4. júlí 1954. Segir í afsalinu, að jörðin sé seld með öllum gögnum og gæðum, en um „landamerki jarðarinnar vísast til landamerkjabréfs fyrir Saurbæ á Kjalarnesi, dags. 8. maí 1922, sem innfært er í Landamerkjabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu“. Aðaláfrýjendur telja, að með þessum efnisatriðum í afsalinu hafi Ólafur, sem hafi þá einnig átt Saurbæ, áréttað tilvist ítaksréttinda handa jörðinni Ártúni í eignarhluta Saurbæjar í Blikdal, eftir að þau réttindi hefðu annars verið fallin niður vegna ákvæða laga nr. 113/1952.

Ekki verður lagður rýmri skilningur í skírskotun afsalsins til landamerkjabréfsins frá 1922 en svo, að hún varði eingöngu sjálf landamerkin, eins og segir þar beinlínis. Verður í þessum efnunum einnig að líta til þess, að í kjölfar þeirrar stefnu, sem löggjafinn markaði með setningu laga nr. 113/1952, hefði verið nauðsynlegt að taka ótvírætt fram í afsalinu, að umrædd skírskotun hefði einnig átt að taka til ákvæða um ítaksréttindi í landamerkjabréfinu, ef ætlun samningsaðila var að stofna til þeirra að nýju. Er aðaláfrýjendum því ekki hald í þessari málsástæðu.

Eins og áður greinir, verður lagt til grundvallar, að ítaksréttindi, sem fylgdu jörðunum Hjarðarnesi og Ártúni í Blikdal norðan Blikdalsár, hafi fallið niður við lok frests til að lýsa þeim, sem rann út 4. júlí 1954. Hagnýting eigenda jarðanna á landi í dalnum til beitar eftir þann dag, þótt óslitin væri, getur ekki nægt þeim til hefðar, enda voru ekki liðin 40 ár, þegar mál þetta var höfðað með birtingu héraðsdómsstefnu á tímabilinu 13. til 19. apríl 1994, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, sem á samkvæmt hljóðan sinni við um slægju- og beitarítök.

Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um, að aðaláfrýjendur eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta gagnáfrýjenda í Blikdal. Stendur jafnframt óraskað ákvæði hins áfrýjaða dóms um frávísun á hluta krafna gagnáfrýjenda í héraði, enda hafa þau ekki leitað endurskoðunar á héraðsdóminum að þessu leyti með gagnáfrýjun sinni. Aðaláfrýjendur verða hins vegar dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjendur, Arnór G. Jósefsson, Ólafur G. Jósefsson, Reynir Jósefsson, Sigursteinn Jósefsson, Bjarni Þorvarðarson, Gunnar Þorvarðarson og Sigurður Þorvarðarson, greiði sameiginlega hvorum gagnáfrýjanda um sig, Bjarna Bærings Bjarnasyni og Önnu M. Sigurðardóttur, 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Einari G. Steingrímssyni hdl. f. h. Bjarna Bærings Bjarnasonar, kt. 110350-2609, Merkjateigi 4, Mosfellsbæ, og Önnu M. Sigurðardóttur, kt. 080734-2209, Hraunbæ 94, Reykjavík, á hendur Arnóri G. Jósefssyni, kt. 051144-3179, Dúfnahólum 2, Reykjavík, Ólafi G. Jósefssyni, 050750-3029, Rauðási 15, Reykjavík, Reyni Jósefssyni, kt. 070348-3069, Dúfnahólum 4, Reykjavík, Sigursteini Jósefssyni, kt. 110446-7219, Fögrubrekku 33, Kópavogi, Bjarna Þorvarðarsyni, kt. 301123-5079, Bakka, Kjalarnesi, Gunnari Þorvarðarsyni, kt. 060316-5979, Bakka, Kjalarnesi, Sigurði Þorvarðarsyni, kt. 131021-3649, Bakka, Kjalarnesi, og Jóni Ólafssyni, kt. 260432-2819, Brautarholti II, Kjalarnesi, oddvita Kjalarneshrepps, f. h. Kjalarneshrepps, kt. 690169-1779, Fólkvangi, Kjalarnesi, með stefnu 13., 14., 15. og 19. apríl sl.

Dómkröfur stefnanda eru, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu Arnór, Ólafur, Reynir, Sigursteinn, Bjarni, Gunnar og Sigurður eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda í Blikdal á Kjalarnesi og að þeim sé með öllu óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfénaði í Blikdal norðan Blikdalsár, þinglýstu landi stefnenda í óskiptri sameign þeirra. Á hendur stefnda Kjalarneshreppi voru ekki gerðar dómkröfur, en skorað var á fyrirsvarsmenn hreppsins að veita stefnendum styrk í málinu. – Krafist er málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi, en til vara að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu Arnórs, Ólafs, Reynis og Sigursteins Jósefssona og Bjarna, Gunnars og Sigurðar Þorvarðarsona eru, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu Kjalarneshrepps hefur þingsókn fallið niður og engar kröfur verið gerðar í þessu máli.

I.

Tildrög máls og ágreiningsefni.

Þar sem Blikdalsá (Ártúnsá) á Kjalarnesi rennur ofanvert, heitir Blikdalur eða Bleikdalur. Stefnendur í máli þessu, eigendur jarðanna Saurbæjar og Dalsmýnnis, telja til óskiptrar sameignar sinnar Blikdal norðan Blikdalsár, en Kjalarneshreppur eigi suðurhluta dalsins.

Stefnandi Bjarni Bærings Bjarnason eignaðist jörð sína skv. uppboðsafsali sýslumannsins í Reykjavík 15. desember 1992, þ. e.: „ . . . Dalsmýnni, Kjalarneshreppi [...], með öllum sama rétti og fyrri eigendur áttu“. Sumarið 1993 kveðst hann hafa orðið fyrir ágangi óviðkomandi hrossa á Blikdal. Hafi hann ekki viljað una þessu og gripið m. a. til þess úrræðis að mælast til þess við forsvarsmenn Kjalarneshrepps, að framfylgt yrði auglýstu banni við lausagöngu hrossa, án þess að orðið yrði við því.

Var þá gripið til þess ráðs, að lögmaður Bjarna ritaði gagnaðilum bréf 16. júlí og 3. ágúst 1993, en þar segir: „Mér hefur falið . . . að krefjast þess, að þér beitið ekki búfénaði á Blikdalinn, enda er yður það með öllu óheimilt. Að því er varðar gildi samningsins frá 3. júní 1890 (sic), sem þinglýst var 16. janúar 1922, skal á það bent, að samkvæmt lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka á jörðum bar að lýsa í öllum ítaksrétti innan 12 mánaða frá birtingu áskorunar þar um. Áskoranir þessar munu að líkindum hafa verið sendar fyrir part árs 1953 og ítaksréttindin því fallin niður árið 1954, en skv. 2. mgr. 5. gr. laganna fellur ítak niður, sem ekki er lýst samkvæmt framansögðu. Til ítaksréttinda hefur ekki stofnast fyrir hefð þegar af þeirri ástæðu, að ekki eru liðin 40 ár, frá því að ítaksréttindin féllu niður, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905. Með vísan til þessa er öll beit búfjár á yðar vegum óheimil í Blikdal, og verður leitað viðurkenningar á rétti umbjóðanda míns fyrir dómstólum, ef með þarf.“

Með bréfi 21. september 1993 höfnuðu stefndu Arnór, Ólafur, Reynir og Sigursteinn Jósefssynir kröfum og málsástæðum stefnanda Bjarna Bærings, þar sem þeir ættu „þinglýstan beitarrétt í Blikdal, sbr. hjál. ljósrit landamerkjabréfs“, og mætti því ljóst vera, að umrætt ítak hefði ekki glatast fyrir vanlýsingu, þar eð það hefði ekki verið afmáð úr þinglýsingabókum og beitarréttur nýttur óátalið af fyrri eigendum Dalsmýnnis, bæði fyrr og eins eftir að lög nr. 113/1952 voru sett fyrir rúmum 40 árum.

II.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Stefnendur rökstyðja mál sitt því, að stefndu eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda í Blikdal á Kjalarnesi, þar eð hugsanlegur ítaksréttur eigenda jarðanna Hjarðarness og Ártúns hafi fallið niður fyrir vanlýsingu skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 113/1952. Þá séu og ekki full 40 ár liðin, sbr. 8. gr. laga nr. 46/1905, frá lokum áskorunarfrests skv. 4. gr. laga nr. 113/1952, þar til málsókn þessi hófst, svo að um rétt fyrir óslitið hefðarhald til handa stefndu sé ekki heldur að ræða, enda hafi og hefð fyrir beit lausagöngu hrossa á annars manns landi ekki getað unnist eftir auglýst bann stjórnvalda 13. júní 1988, sbr. dskj. nr. 10.

III.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu halda því fram, að beitar- og slægjuréttindi í Blikdal á Kjalarnesi hafi fylgt jörðunum Hjarðarnesi, Hjarðarneskoti, Saurbæ, Ártúni og Dalsmynni og jafnvel fleiri jörðum öldum saman, og hafi stefndu sem eigendur Hjarðarness og Ártúns nýtt Blikdal til beitar, eins og fyrri eigendur jarðanna hafi gert. Jafnframt er staðhæft, að stefnendur hafi ekki sýnt fram á beinan eignarrétt sinn að Blikdal gegn mótmælum stefndu, enda eigi stefnendur raunar aðeins afnotarétt, óskipta beit og slægjur í Blikdal með stefndu og fleiri aðilum. Þá er því haldið fram, að ákv. laga nr. 113/1952 hafi í raun aldrei verið beitt gagnvart umdeildum ítaksrétti stefndu, sem lýsi sér í því, að þessi eignarréttindi hafi ekki verið afmáð úr þinglýsingabókum, landamerkjabókum eða merkjaskrá, sbr. 2. ml. 2. mgr. 5. gr. sömu laga, en getið sé um þessi réttindi í landamerkjabókum. Þá er fullyrt, að ekki verði hróflað við viðurkenndum eignarréttindum með þeim hætti, sem lögin um lausn ítaka af jörðum geri ráð fyrir, án þess að bætur komi fyrir skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Að lokum reisa stefndu sýknukröfu sína *til vara* á því, að þeir hafi öðlast beitarrétt fyrir búfénað sinn í Blikdal með óslitnu hefðarhaldi í meira en 40 ár, en ekki sé deilt um, að hestar og kindur frá Hjarðarnesi hafi gengið á Blikdal alla tíð; nýr hefðartími hafi hafist eftir setningu laga nr. 113/1952, og markist upphaf hans við gildistöku laganna í ársbyrjun 1953. – Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins staðhæfði Anna Margrét Sigurðardóttir, önnur stefnenda, sem búsett var að Saurbæ frá barnsaldri til fullorðinsára, að norðurhluti Blikdals hefði alla tíð verið óumdeilt eignarland eigenda Saurbæjar og síðan sameiginlega Saurbæjar og Dalsmynnis. Aðilaskýrslur af

hálfu stefndu gáfu þeir Bjarni Þorvarðarson og Sigursteinn Jónsson. Báðir báru þeir, að þeir hefðu aldrei efast um eignarrétt eigenda Saurbæjar að hálfum Blikdal, enda þótt jarðeigendur Hjarðarness og Ártúns ættu þar ítaksréttindi. Orð þeirra verður að skilja sem viðurkenningu stefndu á *bein-um* eignarrétti stefnenda á umdeildu landsvæði, sbr. 4. tl. 18. gr. laga nr. 91/1991, enda í samræmi við staðhæfingu Önnu Margrétar að þessu leyti, sem þeir höfðu áður hlýtt á.

Stefnendur krefjast þess m. a., að dæmt verði, að stefndu sé óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfænaði í Blikdal norðan Blikdalsár. Anna Margrét Sigurðardóttir vottaði, að hestar og kindur frá Hjarðarnesi hefðu gengið á Blikdal alla tíð. Suðurhluti dalsins, þar sem áin skiptir honum, er eign Kjalarneshrepps og nýttur af hreppsbúum sem upprekstrarland. Norðurhluti dalsins er ekki afgirtur, svo að búpeningur hlýtur að ganga óhindraður á milli. Í 12. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o. fl. segir, að séu beitolönd einstakra jarða notuð til upprekstrar eða sem sameiginlegur bit-hagi með líkum hætti og afréttir, skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau, eftir því sem við geti átt. Óumdeilt er, að landsvæðið Blikdalur (Bleikdalur) hefur verið háð fjallskilaframkvæmd, en ekki verður séð, að ágrein- ingi aðila hafi verið vísað til sýslumanns skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 6/1986. Vísa verður því kröfu stefnenda að þessu leyti frá dómi *ex officio*.

Í lögum um lausn ítaka af jörðum nr. 113 frá 29. desember 1952, er fengu þegar gildi, segir í 4. gr., að næstu sex mánuði, eftir að lögin taki gildi, skuli héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, er telji sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar, en í lýsingunni til héraðsdómara skuli greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanfögnu og, eftir því sem unnt sé, hversu það í fyrstu sé til komið. Þá segir í 2. mgr. 5. gr. laganna, að sé ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, falli það úr gildi, en hafi því áður verið þinglýst, skuli afmá það úr veðmálabókum. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu birti áskorun í þessa veru í Lögbirtinga- blaði 18. júní, 25. júní og 4. júlí 1953. Samkvæmt því rann frestur til að lýsa ítaksrétti út 4. júlí 1954.

Stefndu telja, að ákvæði laga nr. 113/1952 um brottfall ítaksréttinda án bóta samrýmist ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er fallist á þetta sjónar- mið, þar sem lögin segja einnig, að með lýsingu ítaks megi því við halda, en réttarreglur um brottfall réttinda án bóta, ef þeim er ekki beitt eða haldið fram, hafa lengi gilt, s. s. reglur um fyrningu, hefð, vanlýsingu og traustfang.

Málflytjandi stefndu lét að því liggja við aðalmeðferð málsins, að þar sem skráning um rétt jarðanna Hjarðarness og Ártúns til að beita búfé og heyja

á Blikdal í landi stefnenda hafi ekki verið afmáð úr veðmálabókum, þ. e. ekki strikað yfir viðkomandi skráningu í landamerkjabókum, beri það vitni um, að ítaksrétti hafi verið lýst á sínum tíma, a. m. k. beri stefnendum að sanna, að svo hafi ekki verið. Ekki var þó stuðst við þessa málsástæðu í greinargerð stefndu, og nærtækara var fyrir stefndu að afla gagna um lýsingu ítaksréttar síns, ef slíkum gögnum var til að dreifa, heldur en stefnendum. En eins og málið liggur nú fyrir, bendir ekkert til þess, að ítaki hafi verið lýst eins og lög stóðu til. Og þó að sýslumaður léti það ógert að afmá úr veðmálabókum skráningu um rétt jarðanna Hjarðarness og Ártúns í landi stefnenda, leiðir það ekki til þess, að vanlýsing réttarins hafi ekki sín lögboðnu áhrif. Hitt er svo annað mál, hvort stefndu hafa unnið rétt fyrir traustfang eða hefð, og verður nú vikið að því.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 46/1905 getur hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv., aðeins unnist með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð. Ekki verður fallist á, að um skilyrði til að vinna sjálfstæðan beitarrétt fyrir búfenað í úthögum annarra fyrir hefð hafi verið um að ræða, frá því að lög nr. 42/1969 um afréttamálefni, fjallskil o. fl. gengu í gildi 1. júlí 1969, þar sem mælt er fyrir um opinbera stjórn á fjallskilamálum, þ. m. t. heimild fyrir sýslunefndir til að setja reglur, er kveði á um réttindi manna og skyldur, að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitslanda o. fl. Með sömu rökum er hafnað, að stefndu hafi unnið rétt fyrir traustfang.

Samkvæmt framangreindu er fallist á kröfu stefnenda, að viðurkennt verði, að stefndu Arnór, Ólafur, Reynir, Sigursteinn, Bjarni, Gunnar og Sigurður eigi engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda í Blikdal á Kjalarnesi. Á hinn bóginn er vísað frá kröfu stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu sé með öllu óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfenaði í Blikdal norðan Blikdalsár, „þinglýstu landi stefnenda í óskiptri sameign þeirra“.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri sjálfir hver um sig málskostnað sinn.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er, að stefndu, Arnór G. Jósefsson, kt. 051144-3179, Dúfnahólum 2, Reykjavík, Ólafur G. Jósefsson, kt. 050750-3029, Rauðási 15, Reykjavík, Reynir Jósefsson, kt. 070348-3069, Dúfnahólum 4, Reykjavík, Sigursteinn Jósefsson, kt. 110446-7219, Fögrubrekku 33, Kópavogi, Bjarni Þorvarðarson, kt. 301123-5079, Bakka, Kjalarnesi, Gunnar Þorvarðarson, kt. 060316-5979, Bakka, Kjalarnesi, og

Sigurður Þorvarðarson, kt. 131021-3649, Bakka, Kjalarnesi, eiga engin ítaksréttindi í eignarhluta stefnenda, Bjarna Bærings Bjarnasonar, kt. 110350-2609, Merkjateigi 4, Mosfellsbæ, og Önnu M. Sigurðardóttur, kt. 080734-2209, Hraunbæ 94, Reykjavík, í Blikdal á Kjalarnesi.

Kröfu stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu sé með öllu óheimilt að beita hrossum eða öðrum búfénaði í Blikdal norðan Blikdalsár er vísað frá.

Málskostnaður er ekki dæmdur.
